



Menntaskólinn í Reykjavík

Kennsluáætlun í valnámskeiði í lögfræði við Menntaskólann í Reykjavík – LÖGF2VL05

Markmið námskeiðsins: Markmið námskeiðsins er að nemendur öðlist skilning á fræðigreinininni lögfræði, viðfangsefnum hennar og grundvallaratriðum. Að námskeiðinu loknu eiga nemendur að þekkja grundvallarhugtök íslensks réttar og hafa kynnst ólíkum undirgreinum íslenskrar lögfræði. Nemendur skulu og hafa öðlast leikni í því hvernig afla má upplýsinga um lögfræðileg efni og grundvallarskilning á beitingu réttarreglna. Að námskeiðinu loknu er stefnt að því að nemendur geti leyst úr einföldum lögfræðilegum álitaeftum og nálgast samfélagsumræðu og lögfræðileg álitaefti, sem þeir kunna að rekast á, með gagnrýnum hætti.

Kennsla: Kennsla samanstendur af þremur kennslustundum í viku. Kennsla mun að mestu leyti fara fram í formi fyrirlestra og er þess vænst að nemendur taki þátt í kennslustundum, eftir atvikum með því að svara spurningum eða taka þátt í umræðum. Í ljósi þess að kennslan krefst þátttöku af hendi nemenda, skulu þeir hafa kynnt sér vel það námsefni, sem fyrir liggur hverju sinni. Stefnt er að því að eftir því sem líður á skólaárið verði farnar kynnisferðir á staði, sem námsefninu tengjast. Verður fyrirkomulag slíks uppbrots á hefðbundnum fyrirlestrum kynnt nemendum með hæfilegum fyrirvara en mögulegt er að einhver tilfærsla verði á tímum kennslustunda vegna heimsóknna og annars, sem kann að koma upp. Þá munu nemendur taka þátt í kennslunni með því að kynna stuttlega hver fyrir öðrum afmörkuð viðfangsefni lögfræðinnar.

Námsefni: Námsefni námskeiðsins verður lagt fyrir í gegnum kennsluvefinn *Innu* og verður ýmist í formi skjala, sem þangað verður hlaðið inn, eða í formi annars efnis, sem nemendur geta nálgast. Það námsefni, sem nemendur fá afhent í gegnum *Innu*, er eftir atvikum fengið með leyfi höfunda þess og er dreifing óheimil. Efni fyrirlestra námskeiðsins og glærur, sem stuðst verður við í fyrirlestrum, teljast og til námsefnis námskeiðsins. Eftir atvikum kunna málefni, sem tengjast lögfræði og eru efst á baugi hverju sinni, að verða tekin til skoðunar í kennslu og verður þá mögulega lagt fyrir nemendum að þeir kynni sér þau stuttlega.

Námsmat: Námsmat í námskeiðinu samanstendur af mati kennara á því að hvaða marki nemendur leggja rækt við námið og í hve stóran hluta kennslustunda þeir mæta. Á skólaárinu verða lögð fyrir hlutapróf þar sem þekking nemenda á því efni, sem þá verður búið að fara yfir, verður könnuð. Þar að auki munu nemendur skrifa ritgerð og halda kynningu í kennslustund. Eftir atvikum verða önnur styttri verkefni lögð fyrir. Við mat á verkefnum nemenda er lögð áhersla á vönduð vinnubrögð.

Vægi hvers þáttar í námsmati er sem hér greinir:

- Mat kennara á ástundun nemenda, virkni í kennslustundum og mætingu: 15%. Vegna mætingar verður stuðst við einkunnastiga skólasóknarreglna, sbr. gr. 1.2 í reglunum.
- Meðaltal einkunna úr hlutaprófum: 50%.
- Verkefni nemenda: 35% (ritgerð: 25% og kynning: 10%).

Kennari er Þorsteinn Davíð Stefánsson. Tölvupóstfang er thorsteinndavid@mr.is.

Birt með fyrirvara um breytingar og lagfæringar.